

Myndbandið “Hvernig verður ullin til? Hluti 1”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- “ullardýr” á Íslandi – helst sauðkindin, en líka geitur og hundar
- ull í nærmynd og í smáatriðum – hvernig þjónar hún kindinni?
- mismunandi aðferðir til að ná ullinni af kindinni (á dýravænan hátt auðvitað)
- reyfið (ullin af einni kind) í nærmynd – munur á líkamshlutum
- ullarþvottur fyrr og nú

Á Íslandi hefur lengst af ekki verið hægt að rækta plöntur sem hægt er að nota sem hráefni í band/þráð og þar með í fatagerð – ólíkt öðrum löndum þar sem til dæmis hör (línjurt), hampur og brenninetla voru notuð í stórum stíl í slíka framleiðslu meðfram ullinni. Burt séð frá því hentar ullin að auki best til að halda hita á fólki. Þó það sé einnig hægt að nota geita- og að hluta til hundahár í föt, er ull (af sauðkindinni) bæði hagstæðust og fjölbreyttust og þess vegna langmikilvægasta hráefnið.

Það kemur tvennt til þess að ullin íslensku sauðkindarinnar á sér fáu líkt (helst er norsk spælsau sambærileg):

- Það þurfti að nota ull í allt – bæði í slitsterk, en samt lipur vinnuföt og í finustu spariföt.
- Ullin þurfti að veita kindinni besta mögulega skjól gegn rigningu, snjó, vindi og kulda – ekki var æskilegt að hýsa hana á meðan veðrið leyfði að hún færi á beit.

Þess vegna hefur fjölbreytileikinn varðveist sem náttúruleg samsetning reyfis með tvær aðskildar háategundir:

- afar fínt þel innst til einangrunar (eins og nærföt) og
- sterkt, en samt ekki of gróft, tiltölulega slétt toghár yst til að verjast úrkomu (eins og úlpa).

Grófar stuttar hærur hins vegar sem er að finnast á villifé í miklum mæli þóttu óæskilegar og hurfu þess vegna að langmestu leyti úr reyfi íslensku sauðkindarinnar (ólíkt skyldum kynjum í Miðevrópu sem voru lítið notuð til ullarframleiðslu). Ræktunarmarkmið við Merínofé hins vegar, sem er ræktað í öðrum löndum, ekki síst suðrænum, hefur verið eingöngu mjög fín og einsleit ull, sem vex endalaust – á meðan íslenskt sauðfé gengur úr ullinni einu sinni á ári eins og villifé (misvel samt, þess vegna er mikilvægt að rýja/klippa fé).

Hagstæðast fyrir stórar ullarverksmiðjur er hvít ull því það er hægt að lita hana í hvaða lit sem er. En litlar ullarvinnslur og handverksfólk sem býr til band frá grunni, sækir sérstaklega eftir fallegum og fjölbreytum litum. Hér nýtist sérstaða íslensku sauðkindarinnar mjög vel – náttúrulega litrík og á sama tíma mjúk ull finnst annars svo gott sem ekki.

Síðustu árin hefur rúningur (klipping) sums staðar verið umdeildur m.t.t. dýravelferðar. Aðferðirnar sem eru notaðar á Íslandi eru allar mjög dýravænar og mikil áhersla er lögð á að kindin sé slök við klippingu og að það sé nógu hlýtt fyrir hana þegar hún er nýrúin. Ekki síst hin mjög umdeilda “mulesing”-aðferðin hefur aldrei verið notuð á Íslandi.

Meira um efnið:

- Bókin “Litadýrð – handbók um liti í íslenska sauðfjárstofninum” (ekki síst síðasti kaflinn) – *ath.: Skólar geta pantað ókeypis bekkjarsett.*
- Ullarþvottarstöðin – Ístex-kynningarmyndband:
<https://www.youtube.com/watch?v=pVAo3-i6ocw>

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað heitir fína ullin sem er innst?
- Er ullin alls staðar eins á líkamanum?
- Af hverju er ullin meira krullað og styttra á bakinu?
- Vex ullin á íslenskum kindum endalaust áfram ef hún er ekki klippt?
- Hvernig er hægt að ná ullinni af kindinni? Detta ykkur nokkur dæmi í hug?
- Af hverju var ullin þvegin við læk í gamla daga?
- Hvað er keyta?
- Hvar er flest ullin þvegin í dag?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net